

Fundur skólaráðs Krikaskóla  
6. október 2022  
Haldinn í Krikaskóla og á Meet

Viðstaddir: Þrúður, Inga Rut, Lukka Berglind, Bryndís María, Freyja, Alexandra, Guðrún Erna og Dagbjört Ólöf á Meet.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun fyrir Skólaráðið sem Þrúður er að gera rædd - þar koma fram þeir fundir sem áætlaðir eru á skólaárinu. Þrúður mun senda skjalið út og þá geta komið fram athugasemdir frá meðlimum. Ákveðið að halda fundi áfram á þessum tíma morguns eða kl. 8:10-9:00 - staðbundið en boðið er upp á fjarfund fyrir þá sem ekki komast.
2. Hlutverk skólaráðsins rætt og ástæða þess að fleiri foreldrar fulltrúa eru boðaðir þar sem þeir eru einnig talsmenn barnanna. Skólasamfélagið í Krikaskóla leitar upplýsinga um vilja barnanna með fjölbreyttum hætti og mun halda því áfram.
3. Starfsáætlun Krikaskóla rædd og meðlimum bent á að hana sé að finna á heimsíðu skólans. Stuttlega farið yfir hugmyndirnar og tengingu við nýja heimasíðu sem Kolifón er með í hönnunarferli. Þar er hugmyndin að heimasíðan verði uppfærð á hverju hausti um leið og ný starfsáætlun er gefin út og kynnt í skólasamfélaginu. Þrúður benti sérstaklega á stærstu verkefni skólaársins sem fjalla öll um að auka vægi samstarfsverkefna í skólastarfinu. Þar er einmitt lykilþáttur að efla samstarf heimilis og skóla með öllum tiltækum ráðum. Áformaður er fræðslufundur í skólanum þar sem hægt verður að kynna ýmsa þætti í skólastarfinu, M.ed. ritgerð Svövu Bjarkar ásamt starfsáætlun og fleiri þáttum sem vert er að ræða sérstaklega.
4. Rætt var um mötuneyti og þá þjónustu innan skólans. Rætt var um vaxandi óþol og ofnæmi meðal barnanna og hvernig skólinn getur brugðist við því. Þau málefni hafa ekki ratað inn á borð stjórnar Foreldrafélagsins en mikilvægt að allir séu upplýstir um stöðu mála.
5. Freyja kom að málefnum sem varða síðasta hópinn í matsal - börnin skrifuðu bréf til kokksins en hafa ekki fengið svar og bíða þess. Þrúður tekur að sér að koma þeim málum áfram.
6. Freyja sagði frá bréfi sem Sammos er að senda til Mosfellsbæjar og Aftureldingar vegna frístundaaksturs eftir að íþróttæfingum barnanna er lokið. Verið er að óska eftir frístundabíl til að aka börnum aftur inn í heimahverfi þeirra.

Fundi slitið: 9:02